

Kennari:
Katrín Georgsdóttir
Rut Bergmann Róbertsdóttir

Kennslufyrirkomulag:
Kennsla í kennslutvennd

Tímafjöldi:
6 kennslustundir

Bekkur:
1. og 2. bekkur

Vísindi og tilraunir

Megintilgangur smiðjunnar vísindi og tilraunir er að vekja upp áhuga og forvitni nemenda á spennandi heim vísinda og hvetja þau til rannsókna. Að nemendur öðlist færni til að spá og spyrja, rannsaka og skoða og setja fram hugmyndir sínar á fjölbreyttan hátt. Að kynna nemendum fyrir vísindum á jákvæðan hátt ásamt því að þjálfa rökhugsun þeirra sem og gagnrýna hugsun. Áhersla er lögð á að nemendur læri ný orð og hugtök sem eru ekki algeng í hversdagslegum samræðum sem tengist vísindum og tilraunum. Að nemendur taki virkan þátt í starfinu og að þau geti fylgt einföldum fyrirmælum.

Vísindi og tilraunir

Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið: <i>Að nemandi geti:</i>	Leiðir:
Vísindi Tilraunir Stærðfræði Rökhugsun	Vísindabók Villa Vísindabók Villa 2 Vísindabókin Efniviður til tilrauna Útprentað efni frá kennara Ipad Bee-bot	<ul style="list-style-type: none">- Tengt vísindaleg vinnubrögð við vinnuferli tilrauna- þekkt til orða og hugtaka sem tengist vísindum- sagt frá og framkvæmt einfaldar athuganir og tilraunir- tekið þátt í umræðum- sýnt kurteisi og virðingu í samskiptum- hlustað eftir upplýsingum- fylgt einföldum fyrirmælum	Hópavinna Einstaklingsvinna Sýnikennsla Leiðsögn Athuganir/tilraunir Vettvangsferðir Samvinna

Námsmat:	Námsframvinda og hæfni nemenda metin í lok hvers smiðjuhóps.		

Námsmat

Námsmat Stapaskóla fer fram með leiðsagnar- og símati. Lögð er áhersla á að nemendur séu sífellt að bæta við sig þekkingu og leikni og öðlist þannig ákveðna færni. Tekið er mið af Aðalnámsskrá grunnskóla í öllum greinum. Fyrir lokið verkefni er ekki gefin einkunn heldur er lagt mat á hæfni nemandans og gefið fyrir stöðuna í þeim hæfniviðmiðum sem liggja til grundvallar verkefninu.

Til þess að meta hvert hæfniviðmið fyrir sig er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar.

- **Framúrskarandi:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu *umfram* þá hæfni sem viðmiðið setur
- **Hæfni náð:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- **Á góðri leið:** ef nemandi er nálægt því að ná hæfniviðmiði en enn vantar þó aðeins upp á
- **Þarfnast þjálfunar:** ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði
- **Lokið:** nemandi hefur lokið við verkefni
- **Ólokið:** nemandi hefur ekki lokið við né skilað verkefni
- **Undanþága:** nemandi hefur undanþágu frá verkefni af einhverjum ástæðum

	Framúrskarandi
	Hæfni náð
	Á góðri leið
	Þarfnast þjálfunar
	Lokið
	Ólokið
	Undanþága